

Lykilorðið er gagnvirkni:

Íslenska viðskiptanetið stofnað í Stokkhólmi með stjórn, félagatali og lögum

Rætt við Svavar Gestsson sendiherra

Íslenska viðskiptanetið var stofnað á fundi í sendiráði Íslands í Stokkhólmi 1. febrúar sl. Viðskiptanetinu er ætlað að vera vettvangur þar sem fyrirtækin geta haft gagn hvert af öðru við upplýsingaöflun, meðal annars um reglur og starfsaðstæður í Svíþjóð, en einnig þar sem einstök fyrirtæki geta snúið sér til hinna fyrirtækjanna um sölu vara eða þjónustu til þeirra eða viðskiptamanna þeirra eftir atvikum. Lista yfir fyrirtæki í viðskiptanetinu er að finna á heimasíðu sendiráðsins í Stokkhólmi á eftirfarandi vefslóð: <http://www.iceland.org/se/ambassaden/Handel/Islandskt-Handelsnatverk/>

Aðspurður um tilurð viðskiptanetsins segir Svavar að hann hafi ákveðið að leggja sérstaka áherslu á samskipti við viðskiptalíf þegar hann tók við störfum sendiherra í Svíþjóð. „Það gerðist með því að við Guðrún efndum, strax árið 2002, til samkomu fólks úr viðskiptalífnum í sendiherrabústaðnum, en atburðinn sóttu þá um 30 manns. Boðnir voru fulltrúar íslenskra fyrirtækja í Svíþjóð og fyrirtækja í Svíþjóð sem tengd eru Íslandi. Í þriðju samkomunni árið 2004 vaknaði sú hugmynd að tengja þessa aðila einnig saman milli funda og í framhaldi af því gerðum við viðskiptanetið þannig úr garði að fulltrúar allra fyrirtækjanna fengu nöfn þeirra og frumupplýsingar skráðar á netið sem var opnað á vefsíðu sendiráðsins á sérstakri krækju. Þetta tókst svo vel að ákveðið var, í samvinnu við viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, að stofna viðskiptanetið í Svíþjóð formlega og gera það að formlegum vettvangi með lögum, félagaskrá og stjórn.“ Á aðalfundinum voru samþykkt lög fyrir viðskiptanetið og kosin stjórn, en hana skipa Christer Villard, forstjóri Kaupþings í Stokkhólmi, Nína Þórarinsdóttir frá Debenhams í Stokkhólmi og Óskar Kristjánsson, forstjóri fyrirtækisins Business solutions. Á fundinum hélt Grétar Már Sigurðsson, skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, erindi um mikilvægi utanríkisverslunar fyrir Ísland og hvernig hún hefði breyst á undanförunum árum.

Aðspurður um næstu skref sagði Svavar að stjórn viðskiptanetsins hefði boðað fund og nú sé það hennar að ákveða hvað gerist. „Barnið er sem sé farið að heiman og við höfum þegar fengið viðbrögð. Við erum bjartsýn á að viðskiptanetið geti orðið þýðingarmikill þáttur í starfsemi íslenskra fyrirtækja í Svíþjóð til frambúðar.“

Árlegur fundur Íslensk - kanadíska verslunarráðsins í Halifax

Árlegur fundur Íslensk - kanadíska verslunarráðsins (Icelandic Canadian Chamber of Commerce, ICC) var haldinn í Halifax 17. janúar sl. Fundinum stjórnaði Gordon J. Reykdal, ræðismaður Íslands í Edmonton, og var hann endurkjörinn formaður ráðsins. Varaformaður ráðsins, Johann V. Olafsson, varaforstjóri Eimskip Canada Inc., var einnig endurkjörinn.

Íslensk-kanadíska verslunarráðið var stofnað í Tórontó í Kanada 12. september 2003 sem vettvangur þar sem efla mætti viðskipti og treysta viðskiptasambönd og efnahagslega samvinnu milli Íslands og Kanada. Fulltrúar viðskiptalífsins í báðum löndunum eru aðilar að ráðinu.

Á aðalfundi verslunarráðsins í Halifax héldu erindi Arthur Irving jr., frá Irving Oil Ltd, Neil Bellafontaine, frá ráðuneyti haf- og veiðimála í Kanada, og Pétur Óskarsson, viðskiptafulltrúi í New York. Á fundinum var meðal annars rætt um bein viðskipti Íslands og Kanada og þörfina fyrir að stækka verslunarráðið. Verslunarráðið hefur það markmið að stuðla að viðskiptatengslum og greiða fyrir samskiptum og miðlun upplýsinga um viðskiptahagsmuni beggja landanna. Gordon Reykdal, formaður ráðsins, lagði á það áherslu að stefnt væri að því að byggja ráðið upp á þeim grunni sem lagður var á fundinum og á þann hátt að það verði meðlimum þess til sem mestra hagsbóta.

Nánari upplýsingar um Íslensk-kanadíska verslunarráðið má finna á nýrri heimasíðu ráðsins á eftirfarandi vefslóð: www.icelandccc.com, eða á heimasíðu sendiráðs Íslands í Kanada á vefslóðinni www.iceland.ca.